

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Hörður Oddfríðarson ritari, Árni Stefánsson, Magnús Tryggvason, Guðrún Pálsdóttir, Eyleifur Jóhannesson

Afboða, mæta ekki : Júlía Þorvaldsóttir

Fundur 09.09 2025 settur kl. 18.00

- a. Opna Íslandsmótið í viðavatnssundi fór fram 23. júlí s.l. í fallegu veðri við Nauthólsvík, en mótið var haldið af SJÓR í samstarfi við Sundsamband Íslands. Alls tóku 40 keppendur þátt að þessu sinni. Veðurguðirnir léku við keppendur – sól og hiti var um 15 gráður. Sjórinn var í svipuðu hitastigi sem gerði aðstæður afar góðar til keppni. Keppt var í þremur vegalengdum:
 - 1 km – hentugt fyrir byrjendur og sundfólk úr lauginni.
 - 3 km – fyrir vana keppendur í sjósundi, þríþraut og öðrum keppnisgreinum.
 - 5 km – fyrir þá allra reyndustu í sjósundi.Lágmarksaldur til þátttöku var 16 ár og aldursflokkarnir voru: 16–34 ára, 35–49 ára, 50–64 ára og 65 ára og eldri
- b. Framkvæmdastjóri, mótastjóri og formaður áttu fund í gær vegna skipulags mótamála á skrifstofu SSÍ og næstu skref í því sambandi. Ljóst er að mótastjóri mun ekki hafa sama tíma og undanfarin tímabil til að sinna mótamálum með sama hætti. Skoðað verður með að ráða starfsmann á skrifstofu sem m.a. sinnir mótamálum. Til að byrja með var ákveðið að stofna mótanefnd þvert á félög sem mun sjá um mótin fram að áramótum sem eru Bikar í Ásvallalaug, ÍM25 og NM25 bæði í Laugardalslaug. Farið var yfir lista af nöfnum og í framhaldinu verður talað við fólk og verkin sett af stað. Mót ársins eru komin á atburðardagatal.
- c. Framkvæmdastjóri og formaður áttu einnig fund með media fólki Ólafi Sigurðssyni og Hrafnhildi Lúthersdóttur varðandi fjölmiðlamál og samfélagsmiðla. Hugmyndin er að þau taki þau mál alfarið að sér a.m.k. til áramóta. Mótastjóri og framkvæmdastjóri munu funda með þeim í framhaldinu og móta betur verkefnið.
- d. Farið var yfir uppfærðar sundreglur og DQ spjöld frá dómaranefnd og er þeim er þeim þakkað sérstaklega fyrir góð störf að vanda. WA virðist ekki tilkynna þegar að breytingar verða á sundreglum þannig að það er eins og það þurfi að vakta síðuna þeirra eftir breytingum. Á fyrri fundi fulltrúa dómaranefndar með stjórn SSÍ voru lagðar til spurningar til WA til að skýra betur nýjar reglur varðandi kröfur og stöður alþjóðlegra dómara. Skrifstofa SSÍ hefur sent út póst vegna þessa 3. júlí, 24. júlí, 4. sept og 9. sept, og fengum loksins var í dag að pósturinn væri móttækin.
- e. Sundsamband Íslands, í samstarfi við European Aquatics (EA) býður upp á alþjóðlegt námskeið undir yfirskriftinni Swim Safe Europe – Learn to Swim. Námskeiðið er ætlað sundkennurum, sundþjálfurum og leiðbeinendum sem starfa við sundkennslu og vatnsleikni barna á aldrinum 3–12 ára. Námskeiðið fer fram 3. – 12. okt. (11 – 12 á staðnum) Markmið námskeiðsins er að efla faglega hæfni þjálfara, sundkennara og leiðbeinenda og tryggja samræmd gæði í sundkennslu barna, auk þess að stuðla að auknu öryggi barna. Námið er hluti af menntunarkerfi EA og veitir viðurkennd réttindi á Evrópskum vettvangi. Send út áminningu á íþróttakennara.
- f. Rukkun fyrir meðlimagjöld voru send út rétt fyrir sumarfrí. Eins og alltaf þá koma upp rangfærslur í fjölda meðlima í ákveðnum félögum en tölurnar sem við rukkunum eftir eru beint úr grunni ÍSÍ og koma frá félögunum sjálfum. Farið verður yfir útistandandi mál og þau klárðu.

- g. Sótt hefur verið um í starfslaunasjóð ÍSÍ til að standa betur straum af kostnaði vegna reksturs SSÍ.
- h. Farið var yfir áfangaskýrslu SSÍ vegna afreksmála var send til ÍSÍ fyrr í sumar og er í fundargögnum.
- i. Tveir keppendur voru uppvísa af agabroti á meðan keppni stóð á EMU í sumar. Rætt verður við þessa keppendur ásamt foreldrum þeirra. Stjórn SSÍ mun breyta samningum og reglum um skyldur keppanda í ferðalögum vegna þessa atviks og annara atvika af svipuðum toga sem komið hafa upp á árinu. Formaður og framkvæmdastjóri funda með einstaklingum

1. Afreksmál

Yfirmaður landsliðsmála stiklaði á stóru yfir mót sumarsins og talaði um áherslur í þjálfun og skipulagi fyrir komandi tímabil.

2. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

Farið var yfir fundargerð dómaranefndar nr: 135

3. Aðsend bréf :

Dags	Efni	Sendandi
11.08.2025	ITA Monthly Webinar Invitation	
11.08.2025	Info Bulletin*** 2025 European Aquatics Congress - Tbilisi (GEO) 26-27 September 2025	
27.08.2025	Goverance survey	WA
01.09.2025	Nomination of Officials_EA Short Course Swimming and EA Masters Short Course Swimming AS	
01.09.2025	Marsrum áfram fyrir jafnrétti!	
02.09.2025	Haustfjarnám allra stiga þjálfaramenntunar ÍSÍ	

4. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Ásdís Gunnarsdóttir	Breiðablik	ÍRB	13.08.2025	14.09.2025
Guðrún Ísold Harðardóttir	Breiðablik	ÍRB	22.08.2025	21.09.2025
Kristín Ásta Sigtryggsdóttir	Ægir	Ármann	25.07.2025	24.08.2025
Herdís Birna Viggósdóttir	UMFA	Ægir	15.08.2025	14.09.2025
Kolfinna Líf Sigtryggsdóttir	Ægir	Ármann	31.08.2025	30.09.2025
Ingibjörn Natan Guðmundsson	Ægir	Ármann	29.07.2025	28.08.2025

5. Staðfesting meta / afreka

Grein	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
200m flugsund	Alexander Ari Andrason	Ármann	2:12,26	10.júlí 2025	Halmstad
100m flugsund	Alexander Ari Andrason	Ármann	00:57,11	12.júlí 2025	Halmstad

6. Önnur mál:

- a. Árleg ráðstefna EA (European Aquatics) verður haldin í Georgíu 27. september n.k
- b. Formaður og ritari tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað í árelegri ráðstefna WA (World Aquatics) verður var í Singapore 29. júlí s.l.
- c. Búið að skipa í allar nefndir WA.
- d. Formannafundur ÍSÍ verður haldin 21. nóvember næstkomandi.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 20.45